



Lúxemborg, 20. júní 2008

FRÉTTATILKYNNING 05/2008

Dómur í máli E-8/07 *Celina Nguyen* gegn norska ríkinu

Norskar reglur sem undanþiggja miskabætur lögboðinni ábyrgðatryggingu andstæðar tilskipunum um ökutækjatryggingar

Með dómi sem kveðinn var upp í dag gaf EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit varðandi spurningar sem honum bárust frá *Oslo tingrett* í Noregi.

Stefnandi málsins sem rekið er fyrir *Oslo tingrett* missti eiginmann sinn og tvö börn í bílslysi. Sjálf slasaðist hún eingöngu lítillega á líkama en hefur átt við andleg veikindi að stríða frá því slysið varð. Ökumaður bílsins sem olli slysinu var dæmdur til að greiða henni miskabætur (oppreisning for ikke-økonomisk skade/tort og smerte) að fjárhæð NOK 400 000 í refsímáli sem rekið var gegn honum í kjölfar slyssins. Ökumaðurinn hefur ekki greitt bæturnar og þær fást ekki greiddar úr viðkomandi ábyrgðatryggingu þar sem miskabætur eru samkvæmt norskum lögum undanþegnar lögboðinni ábyrgðatryggingu ökutækja. Í ljósi þessara aðstæðna höfðaði stefnandi mál fyrir *Oslo tingrett* þar sem hún krafðist bóta frá norska ríkinu á þeim grundvelli að fyrsta, önnur og þriðja tilskipunin um ökutækjatryggingar, sem vísað er til í viðauka IX við EES-samninginn, hefðu verið ranglega innleiddar í norskan rétt.

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir dómstólinn vörðuðu í aðalatriðum hvort reglur eins og þær norsku, sem undanþiggja miskabætur lögboðinni ábyrgðatryggingu ökutækja, brjóti gegn áðurgreindum tilskipunum um ökutækjatryggingar og ef svo er hvort brotið sé nægilega alvarlegt til að baka ríki skaðabótaskyldu.

Í úrlausn dómstólsins kemur fram að túlka verði tilskipanirnar svo að þær nái bæði til fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns, svo sem miska. Þá sé ábyrgð vegna miska eins og sú sem um ræddi í málinu eitt form bótaábyrgðar. Það var niðurstaða dómstólsins að undanþága, eins og sú norska, brjóti gegn tilskipununum. Vísaði dómstóllinn í þessu sambandi til fordæma dómstóls Evrópubandalaganna þar sem fram kemur að samkvæmt tilskipununum skuli lögboðin ábyrgðatrygging taka til hvers konar bótaábyrgðar, hvort sem hún byggir á sök eða ekki. Það var einnig niðurstaða dómstólsins að reglur sem undanþiggja miskabætur lögboðinni ábyrgðatryggingu feli í sér nægilega alvarlegt brot á EES-rétti til að baka ríki skaðabótaskyldu, að því gefnu að önnur bótaskilyrði séu uppfyllt.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.